

Fundargerð 158. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands

158. /14. fundur Heilbrigðisnefndar Austurlands
6. október 2020 kl 13:00

Heilbrigðisnefndarmenn:

Jón Björn Hákonarson
Gunnhildir Imsland
Benedikt Jóhannsson
Lovísa Rósa Bjarnadóttir

Davíð Þór Sigurðarson
Kristín Ágústadóttir
Sandra Konráðsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Dröfn Svanbjörnsdóttir

Lára Guðmundsdóttir
Ólöf Vilbergsdóttir

Dagskrá:

1	Bókuð útgefin starfsleyfi.....	913
2	Bókuð útgefin tóbakssöluleyfi.....	914
3	Málefni einstakra fyrirtækja / starfstöðva.....	914
4	Ársreikningur 2019	914
5	Gjaldskrá HAUST	914
6	Fjárhagsáætlun 2021	914
7	Vinna milli funda.....	915
8	Önnur mál.....	915

1 Bókuð útgefin starfsleyfi

700-701 Fljótshérað

- Stóri Bakki ehf.**, kt. 530709-0350. Breyting á starfsleyfi fyrir **gistihúsið Birtu að Tjarnarbraut 7**. Leyfi útgefið 2.9.2020.
- Olíuverzlun Íslands ehf.**, kt. 500269-3249. Starfsleyfi með gildistímann 6.3.2008-6.3.2020 framlengt til 31.12.2020 fyrir **eldsneytisafgreiðslu og sölu á merkingarskyldri efnavöru að Lagarfelli 2, Fellabæ**. Leyfi útgefið 9.9.2020.
- Skógræktin**, kt. 590269-3449. Endurnýjun á starfsleyfi fyrir **almenningsalerni við tjásafnið í Mörkinni**. Leyfi útgefið 17.9.2020.

710 Seyðisfjörður

- Húsaótel ehf.**, kt. 510703-2510 Endurnýjað starfsleyfi fyrir **veitingasölu að Norðurgötu 2**, Leyfi útgefið 18.9.2020.
- Seyðir ehf.**, kt. 690920-0770. Starfsleyfi fyrir **veitingasölu í Skaftfelli, Austurvegi 42**. Leyfi útgefið 30.9.2020.

735 Fjarðabyggð – Eskifjörður

- Landsnet hf.**, kt. 580804-2410. Starfsleyfi fyrir **132 kV tengivirki að Dalbraut 4**. Leyfi útgefið 30.9.2020.

740 Fjarðabyggð – Neskaupstaður

- Olíuverzlun Íslands ehf.**, kt. 500269-3249. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **sölu á veitingum að Hafnarbraut 19**. Leyfi útgefið 30.9.2020.

780-781 Höfn.

- h) **Fjölur Torfason**, kt. 011052 2749. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **veitingasölu** í **Pórbergssætri að Hala í Suðursveit**. Leyfi útgefið 2.9.2020.

Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu allra ofangreindra starfsleyfa.

2 Bókuð útgefin tóbakssöluleyfi

710 Seyðisfjörður

- a) **Seyðir ehf.** kt. 690920-0770. **Tóbakssöluleyfi í Skaffelli, Austurvegi 42**. Leyfi útgefið 30.9.2020.

Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu tóbakssöluleyfisins

3 Málefni einstakra fyrirtækja / starfstöðva

3.1 Mjólkursamsalan á Egilsstöðum

Búnaður til að hreinsa fráveituvatn frá mjólkurstöðinni var settur upp í árslok 2019 og sýni var tekið fráveituvatni í sumar. Samkvæmt niðurstöðunum er magn fitu og svifagna nú innan marka starfsleyfis. Þrátt fyrir að styrkur COD í fráveituvatni hafi lækkað umtalsvert en hann samt enn yfir starfleyfismörkum. Í bréfi dags 18. september sl. kemur fram að fyrirtækið hafi fest kaup á búnaði til enn frekari síun á mysu og hann verði settur upp á næstu vikum.

Heilbrigðisnefnd fagnar þeim árangri sem náðst hefur í hreinsun fráveituvatns frá mjólkurstöðinni en bendir á að magn mengandi efna í frárennsli er þó enn yfir starfsleyfismörkum. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að áform fyrirtækisins um frekari hreinsun gangi eftir. Samþykkt er að veita fyrirtækinu frest til 1. desember nk. til að ljúka úrbótum eða leggja fram tímasetta úrbótaáætlun.

4 Ársreikningur 2019

Fyrir liggur endurskoðaður ársreikningur frá KPMG, undirritaður af skoðunarmönnum HAUST.

Nefndarmenn samþykkja ársreikning með rafrænni undirskrift og vísa honum til endanlegrar afgreiðslu aðalfundar.

5 Gjaldskrá HAUST

Umræður um gjaldskrá nr. 22/2020 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Austurlandssvæði. Lagt er til að upphæðir gjaldskrá hækki í samræmi við orðalag í lífshjálparáskilningi og sýnatökugjald taki mið af gjaldskrá rannsóknarstofa.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að vísa tillögu að gjaldskrárbreytingum til aðalfundar.

6 Fjárhagsáætlun 2021

Drög að fjárhagsáætlun vegna ársins 2021 lögð fram.

Samþykkt að vísa drögum að fjárhagsáætlun til afgreiðslu aðalfundar.

7 Vinna milli funda

Umsagnir um skipulagsmál

- 7.1 Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæðið í Selskógi.
- 7.2 Umsögn um skipulagslýsingu fyrir skóla og íþróttasvæði á Höfn.
- 7.3 Umsögn um fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030. Í tengslum við gerð vatnsveitu á vatnsverndarsvæði í Össurárdal.

Aðrar umsagnir

- 7.4 Umsögn um fyrirhugaðar fráveituframkvæmdir á Djúpvogi

8 Önnur mál

- 8.1 Fyrirspurn frá aðgerðarstjórn sóttvarna á Austurlandi varðandi samstarf um framkvæmd sóttvarna í tengslum við Covid-19. Heilbrigðisnefnd Austurlands tekur vel í erindið og felur framkvæmdastjóra að útfæra samstarfið nánar með aðgerðarstjórninni.
- 8.2 Aðalfundur Byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Aðalfundur HAUST fer fram á Borgarfirði þann 28. október nk. Rætt var um möguleika á því að halda fundinn í fjarfundabúnaði ef aðstæður krefjast þess.
- 8.3 Næsti fundur heilbrigðisnefndar er fyrirhugaður 8. desember nk.

Fundi slitið kl. 14:25

Fundargerðin færð í tölvu og send fundarmönnum í tölvupósti til staðfestingar. Fundargerðin verður undirrituð á næsta snertifundi.

Jón Björn Hákonarson

Davíð Þór Sigurðarson

Gunnhildur Imsland

Kristín Ágústsdóttir

Benedikt Jóhannsson

Lovísa Rósa Bjarnadóttir

Leifur Þorkelsson

Aðalheiður Borgþórsdóttir